

23. nóvember 2021

BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021:

Greinargerð um þróun rekstrar SFS jan-sept 2021

SFS samtals	Raunkostnaður	Fjárhagsáætlun	Frávik	Frávik%
Tekjur	-3.458.288	-2.851.789	606.499	-21,3%
Laun og launatengd gjöld	32.716.497	30.817.062	-1.899.435	-6,2%
Annar rekstrarkostnaður	4.485.838	3.549.165	-936.673	-26,4%
Afkoma án innri leigu	33.744.047	30.794.647	-2.229.609	-7,2%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	8.318.365	8.148.307	-170.058	-2,1%
Framlög til sjálfstætt starfandi stofnan	4.888.578	4.630.719	-257.858	-5,6%
SFS ALLS	46.950.990	44.293.464	-2.657.525	-6,0%

Halli SFS á árinu 2021 er meiri en þekkt hefur frá stofnun sviðsins. Það er mikið áhyggjuefni og skiptir miklu að bregðast við þessari stöðu með ábyrgum hætti. Áhrif heimsfaraldurs á árinu 2021 vega þungt í rekstri SFS og nema um 1.228 m.kr., sjá nánar sundurliðun á blaðsíðu 6 í þessari greinargerð.

Í þessu rekstraryfirliti er sýnd afkoma án innri leigu og framlags til sjálfstætt starfandi stofnana og svo afkoma SFS samtals.



Halli án innri leigu og framlags til sjálfstætt starfandi stofnana er 2.229.609 þús.kr. Halli að meðtalinni innri leigu og framlögum til sjálfstætt starfandi stofnana er 2.657.525 þús.kr. Innri leiga er reiknuð stærð sem stjórnendur hafa engin áhrif á og framlög til sjálfstætt starfandi stofnana eru ekki hluti af eiginlegum rekstri SFS. Halli vegna innri leigu er 170.058þús.kr. sem er munur á áætlaðri innri leigu og hækkun v. áhrifa vísitölubreytinga á árinu umfram áætlun. Framlög til sjálfstætt starfandi stofnana hækka umfram áætlun um 257.858 þús.kr. Nemendafjöldgun er hjá sjálfstætt starfandi stofnunum auk þess sem þær fá mánaðarlega bætingu sem nemur hækkun á neysluvísitölu og launavísitölu. Eðlilegt hlýtur að teljast að bæta SFS þessar upphæðir með viðbótarfjárhæðum á síðasta ársfjórðungi enda ekki á forræði SFS að bregðast við þessum frávikum. Samtals er hér um 427.916 þús.kr. að ræða.

TEKJUR UMFRAM ÁÆTLUN (MKR.)

Frávik tekjur (mkr)	GRUNN	LEIK	FRÍ	ALLS
Styrkir (Erasmus ofl)	99	38	36	173
Aðrar tekjur (hælisleitendur)	16	53	83	152
Önnur sveitarfélög	203			203
Fæði (undir áætlun)	-69	21	86	38
Annað				40
Samtals	249	112	205	606

Tekjur eru 606mkr. umfram áætlun og fylgir sundurliðun hér með. Útgjöld vegna þessara tekna koma að sama skapi sem frávik á móti


Þróun frávíka eftir ársfjórðungum og mánuðum er sem hér segir (í mkr.)



Eins og sést á framangreindum myndum þá hefur náðst að minnka hallann verulega á 3ja ársfjórðungi. Halli lækkar um 654mkr. milli annars og þriðja ársfjórðungs og halli pr. mánuð fer úr 357mkr. að meðaltali á mánuði jan-júní 2021 í 171mkr. að meðaltali á mánuði á tímabilinu júlí-sept 2021. Rétt er þó að hafa í huga að á 3ja ársfjórðungi eru leikskólar lokaðir í júlí og grunnskólar í júlí og hluta af ágúst – en viðsnúningur er umtalsverður.

FRÁVIK FAGHLUTA Í MKR. EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM


Ef frávik frávik faghluta eingöngu (leik- grunn og frí) er skoðuð þ.e. ekki miðlæg skrifstofa og listaskólar þá lækkar halli í grunnskólum um 391mkr. milli annars og þriðja ársfjórðungs og halli leikskóla lækkar um 193mkr. Afkoma frístundamiðstöðva (frístundaheimila og félagsmiðstöðva) er í jafnvægi jan-sept 2021 (sjá meðfylgjandi töflu hér fyrir neðan)



Launafrávik faghluta sérstaklega (án miðlægra skrifstofa og listaskóla) sýnir að laun í grunnskólum á 3ja ársfjórðungi eru í samræmi við áætlun og launahalli í leikskólum lækkar um 175mkr.

Fjármálaskrifstofa SFS fundaði með öllum grunnskólastjórum í byrjun annars ársfjórðungs v.umframstöðugilda og þeim falið að gera ráðstafanir fyrir skólaárin 2021/2022. Launafrávik í grunnskólum á þriðja ársfjórðungi er einungis 6mkr. (sjá meðfylgjandi töflu hér fyrir neðan)

Frávik launa í faghluta eftir ársfjórðungum í mkr.



GRUNNSKÓLAR

Þegar stöðugildi í 23 grunnskóla úrtaki af 36 skv. nýju úthlutunarlíkani sem tekur gildi 1. janúar 2022 eru borin saman við útborguð laun 1. okt 2021 fyrir sömu skóla þá sést að útborguð stöðugildi eru 62 færri en líkanið gerir ráð fyrir. Uppfært m.v. alla grunnskóla þá væri þessi stöðugildi a.m.k. 80. Í þessu sambandi þarf að taka tillit til þess að í stöðugildafjölda 1. okt 2021 er ekki tekið tillit til yfirvinnu sem er nokkur en í nýju líkani eru ekki reiknað með yfirvinnu og því eðlilegt að stöðugildi þar séu fleiri. Verið er að greina áhrif yfirvinnu á þennan mismun í stöðugildum og kallað hefur verið eftir yfirvinnuskýrslum fyrir núverandi skólaár 2021/22 frá grunnskólum því til stuðnings. Þá munu grunnskólar skila um miðjan desember eigin fjárhagsáætlun fyrir þann hluta annars rekstrarkostnaðar sem þeir geta haft áhrif á. Þannig geta skólastjórnendur sjálfir ákveðið hvernig þeir ráðstafa hluta fjárheimilda – en þó alltaf inn þess fjárhagsramma sem skólanum er úthlutað.

Almennt má segja að 80% grunnskóla munu vera í takt við nýtt líkan en 20% grunnskóla eru að vinna í því að fækka umframstöðugildum í samráði við fjármálaráðgjafa fjármálaskrifstofu SFS.

		Stöðugildi grunnskóla 1. okt				Samtals stöðugildi	stöðugildi líkan
		Stöðugildi stjórnun	stöðugildi kennsla	stöðugildi stuðn/sérk	stöðugildi starfsm		
M2101	Vesturbæjarskóli	4,00	22,57	10,65	9,62	46,84	44,69
M2104	Hagaskóli	5,00	43,55	4,98	13,50	67,03	72,94
M2106	Hlíðarskóli	4,50	36,05	10,07	14,43	65,05	70,68
M2106	Austurbæjarskóli	2,50	30,54	9,97	13,40	56,41	62,35
M2121	Hvassaleitisskóli	2,80	18,53	5,80	5,31	32,44	33,35
M2124	Fossvogsskóli	4,80	20,85	6,62	7,20	39,47	44,64
M2125	Vogaskóli	4,00	27,12	11,46	9,80	52,38	53,82
M2127	Laugalækjarskóli	3,00	26,33	5,35	8,75	43,43	52,87
M2145	Seláskóli	2,00	16,24	4,05	9,00	31,29	32,57
M2146	Árbæjarskóli	5,00	48,87	18,84	22,29	95,00	96,26
M2148	Norðlingaskóli	4,00	47,44	11,60	13,00	76,04	84,72
M2149	Ártúnsskóli	2,00	14,49	5,91	8,63	31,03	29,02
M2160	Foldaskóli	4,00	37,28	11,65	14,85	67,78	69,32
M2161	Húsaskóli	3,00	13,79	5,28	5,60	27,67	26,98
M2162	Engjaskóli	4,00	22,40	5,53	8,65	40,58	39,29
M2163	Rimaskóli	3,00	40,12	11,90	14,30	69,32	75,70
M2164	Hamraskóli	2,00	15,13	5,69	4,60	27,42	31,65
M2165	Borgaskóli	3,00	23,33	4,25	8,80	39,38	41,14
M2167	Víkurskóli	5,00	18,95	2,00	6,80	32,75	37,87
M2168	Ingunnarskóli	5,00	28,57	12,66	12,88	59,11	55,10
M2169	Sæmundarskóli	4,00	31,85	15,95	12,00	63,80	65,53
M2170	Klébergsskóli	2,00	10,55	4,70	5,15	22,40	26,91
M2171	Dalskóli	4,00	27,80	9,87	12,40	54,07	55,30
		82,60	622,35	194,78	240,96	1140,69	1202,70

NÝTT ÚTHLUTUNARLÍKAN

Nýtt úthlutunarlíkan grunnskóla var samþykkt í lok sept. Líkanið (Edda) skilar 1.546 mkr í nýjum fjárheimildum m.v. núverandi starfsemi grunnskóla. Núverandi starfsemi byggir á námskrá, Menntastefnu og framboði á þjónustu í hverfum borgarinnar. Reiknilíkan er með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar. Við útfærsluna á grunnskólalíkaninu var lögð áhersla á árangursstjórnun og mælingar. Gera má ráð fyrir að grunnskólalíkanið muni efla traust skólastjórnenda á forsendum fjárhagsáætlunar.

Þessar auknu fjárheimildir sem fylgja líkaninu tryggja að þær verða nær raunkostnaði sl. ára. Þessar fjárheimildir hafa hins vegar ekki áhrif á árinu 2021. Auknar fjárheimildir til annars rekstrarkostnaðar í nýju úthlutunarlíkani nema 720mkr. Þar er verið að færa fjárheimildir til samræmis við raunkostnað sl. 3ja ára – en verðbæting þessa kostnaðar hefur frá 2009 einungis numið 25% - en neysluvísitala án húsnæðiskostnaðar hefur hækkað um 75% á sama tímabili.

Regluverk um framkvæmd fjárhagsáætlunar, rekstraruppgjör, eftirlit og ferla tekur gildi samhliða nýju úthlutunarlíkani í ársbyrjun 2022. Verklagsreglan felur einnig í sér hver sé aðkoma fjármála- og rekstrarþjónustu, mannauðsþjónustu og fagskrifstofu SFS, sem starfstöð heyrir undir, við undirbúning og skipulag rekstrar í samræmi við reglur sviðsins og samþykkt rekstrarlíkan, við reglubundið eftirlit og aðkomu þegar stofnun er komin með veruleg neikvæð rekstrarfrávik. Vandlega verður fylgst með strax í ársbyrjun 2022 að grunnskólar haldi sig við fjárheimildir ársins.

Ákveðið hefur verið að útbúa nýtt úthlutunarlíkan fyrir leikskóla og frístundastarfsemi. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2022. Reikna má með að auka þurfi fjárheimildir til annars rekstrarkostnaðar líkt og í grunnskólalíkaninu.

LEIKSKÓLAR

Að meðaltali eru umframstöðugildi í leikskólum 90-100 á árinu 2021 eða 5%. Heildarstöðugildi skv. barngildistöflu fjárhagsáætlunar eru 1.365. Frávik í október eru 74 stöðugildi (sjá meðfylgjandi töflu) Helstu skýringar eru hólfunaraðgerðir, smitvarnir, kostnaður v.styttingar vinnuviku og kostnaður v. undirbúningstíma umfram fjárheimildir.

Leikskóli	Áætluð stöðugildi 2021	Mismunur í október
Austurborg	24,0	-0,79
Alftaborg	18,5	-0,19
Árborg	14,3	1,10
Bakkaborg	26,1	4,52
Brákaborg	11,1	-1,02
Brekkuborg	17,2	1,88
Tjörn	21,7	-3,85
Holt	20,9	-4,57
Borg	27,2	-7,33
Sunnuás	28,7	-9,00
Miðborg	30,7	-3,15
Drafnarsteinn	28,6	-2,58
Sunnufold	25,1	1,97
Furuskógur	28,4	-3,04
Bjartahlíð	29,8	-5,04
Engjaborg	17,9	-0,54
Hálsaskógur	32,3	-0,60
Hlíð	29,3	-3,45
Langholt	41,9	-5,11
Laugasól	36,6	-7,38
Fífuborg	17,0	-4,21
Funaborg	11,0	0,19
Garðaborg	11,4	-2,18
Grandaborg	18,3	-3,27
Grænaborg	17,9	0,45
Gullborg	17,8	-2,32
Hagaborg	23,2	-2,75
Heiðarborg	19,3	-1,47
Hof	32,8	-0,25
Hólaborg	13,0	0,06
Hraunborg	14,6	0,08
Jöklaborg	24,9	4,83
Kvistaborg	19,0	3,08
Laufskálar	21,5	3,71
Múlaborg	21,3	-5,00
Nóaborg	18,2	-1,69
Rauðaborg	13,5	-2,63
Rofaborg	23,6	0,01
Seljaborg	12,3	-1,00
Seljakot	17,7	-4,56
Sólborg	24,6	3,16
Stakkaborg	18,4	0,73
Steinahlíð	12,7	-3,49
Suðurborg	26,3	-3,03
Sæborg	15,0	3,21
Vesturborg	18,1	0,99
Ægisborg	20,9	-2,00
Ósp	13,1	-2,48
Jörfi	21,3	-4,83
Hulduheimar	18,7	2,53
Lyngheimar	19,4	-2,79
Blásalir	20,1	-2,43
Bakki	7,4	-0,55
Hamrar	19,4	-1,31
Klambrar	15,3	1,02
Mariuborg	23,9	-0,87
Geislaugur	25,8	-1,68
Reynisholt	19,8	-0,61
Vinagerði	14,1	0,97
Rauðhóll	49,3	-2,76
Ártúnsskóli	12,6	2,20
Dalskóli	42,3	6,31
Klébergsskóli	11,0	0,70
Samtals	1365,4	-74,55

STYTTING VINNUVIKU Í LEIKSKÓLUM:

Stytting vinnuviku hefur leitt til aukins launakostnaðar þó ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim útgjaldaauka. Samantekt frá leikskólastjórum bendir til að kostnaður vegna styttingar á fyrri hluta árs sé ígildi allt að 125m.kr. í yfirvinnu og aukastöðugildum. Mikilvægt að horfa á áhrif styttingarinnar í heild sinni, þ.e. veikindatölur fóru töluvert niður vorönn 2021 sem hefur þá áhrif á heildarniðurstöður hvað varðar kostnaðinn. Veikindatölur virðast vera á uppleið á seinni hluta ársins

Útgjaldaáhrif v.aukins undirbúningstíma hefur gætt á hópa starfsmanna leikskóla sem leiða má út frá kjarasamningum annarra starfsmannahópa. Í kjarasamningum 2020 fengu fagmenntaðir starfsmenn (deildarstjórar og leikskólakennarar) aukinn undirbúningstíma. Félagsmenn Eflingar og Sameykis fengu ekki aukningu. Í þeim leikskólum þar sem faghlutfall er lægra eru ófaglærðir með minni undirbúningstíma skv. kjarasamningum þó þeir séu að sinna sömu störfum og fagmenntaðir í leikskólum þar sem faghlutfall er hærra.

Ítarleg könnun er að fara til leikskólastjóra til að þrengja greininguna þar sem dregið verður fram með enn skýrari hætti hver umframkostnaður var vegna styttingarinnar á haustönn 2021. Vinnu er lokið við að stilla upp verklagi ef starfsstaðir innan RVK þurfa að taka upp styttinguna eða breyta henni með það að markmiði að halda sig við upphaflegu forsendur þ.e. að stytting dragi ekki úr þjónustu og kosti ekki. Búið að kynna verklagið innan innleiðingarhópsins þar sem í sitja fulltrúar stéttarféлага og sómuleiðis búið að kynna það verklag fyrir öllum leikskólastjórum.

SKÓLASTARF Á TÍMUM HEIMSFARALDURS

Í upphafi ársins var lögð gífurleg áhersla á að skólastarf í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum héldist óbreytt þ.e.a.s. að skólum væri ekki lokað vegna Covid-19. Skólar borgarinnar störfuðu samkvæmt viðbragðáætlunum sínum og fyrirmælum sóttvarnalæknis og almannavarna. Grunn- og leikskólar máttu aðeins vera opnir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Nemendur áttu að vera í sem minnstum hópum og aldrei fleiri en ákveðið margir í sömu stofu. Aðskilja átti hópa þannig að nemendur blandist ekki á milli þeirra. Einnig var lögð áhersla á að byggingar væru þrífarnar og sótthreinsaðar reglulega. Allar þessar aðgerðir gerðu það að verkum að þörf var á fleiri starfsmönnum. Verkefnið gekk vel og unnt reyndist að halda uppi eins eðlilegu skólastarfi og hægt var. Það var þó ekki án umtalsverðs kostnaðar v.hólfunar, smitvarna og þrifa.

Í september kallaði fjármálaskrifstofa SFS eftir áætlunum og greinargerðum frá stjórnendum starfsstaða sem framkvæmd og kostnað við hólum. Lögð var áhersla á rökstuðning fyrir þeim áætlunum.

Meðfylgjandi er greinargerð frá 700 nemenda skóla:

1. *Vegna hólfaskiptingar og fjölda nemenda þá dreifum við nemendum víðar bæði að morgni og í hádeginu.*
 - **Morgunfrímínútur hjá unglingum (20 mín):**
Fleiri skólaliða þarf í að afgreiða hafragrautinn þar sem hann er afgreiddur á tveimur/þremur stöðum í stað þess að afgreiða á einum stað, þeir sinna því ekki gæslu á sama tíma. Við höfum því sett fleiri kennara á vakt auk þess sem við bættum við rýmum til að koma í veg fyrir þrengsli (við höfum opnar tvær kennslustofur). Hér bætast við þrír kennarar.
 - **Hádegisfrímínútur/matur hjá 8. – 10. bekk (30 mín)**
Við erum með matarafgreiðslu á þremur stöðum í stað tveggja og því þarf að manna betur með kennurum. Hér bætast við þrír kennarar vegna opunar á stofum og auka gæslu í miðrymi (þetta er algjört lágmark)
 - **Hádegismatur hjá 1. – 7. bekk (30 mín)**
Við erum með matarafgreiðslu á þremur stöðum í stað eins til tveggja. Skólaliðarnir eru því allir í matarafgreiðslu í hádeginu og því þarf að manna betur gæslu/mataraðstoð með kennurum. Hér bætast við 4 kennarar (tveir í hvorn matartíma). Til útskýringar þá eru stuðningsfulltrúar í mat á sama tíma og börnin þar sem þeir fylgja nemendum út í frímínútur þegar matnum lýkur því þarf ekki auka mönnun þar.
 - **Kostnaðurinn í kennarastundum fyrir hvern dag:**

3 x 20 mín = 60 mín

3 x 30 mín = 90 mín

4 x 30 mín = 120 mín

Samtals: 4,5 klukkustundir á dag (en ég minni á að við erum með 700 nem).

2. Við bættum líka við einum stuðningsfulltrúa í unglingadeild þannig að stuðningsfulltrúar fari ekki á milli árganga. Viðkomandi er í ½ starfi.
3. Við keyptum líka nýjan matarafgreiðsluvagn/hitaborð hjá Fastus á kr. 327.000.- til að geta afgreitt á fleiri stöðum og einnig hitakassa á kr. 34.000.- (sjá nánar í bókhaldi borgarinnar).

Launakostnaður vegna hólfunar var mikill á fyrri hluta árs. Í sex mánaða uppgjöri SFS voru aukastöðugildi vegna hólfunar metin að meðaltali 1,5 í hverjum leikskóla og 2 í hverjum grunnskóla. Samtals hátt í 200 stöðugildi sem jafngildir rúml. 750mkr. á fyrri hluta árs.

Samantekt á hólfunaráætlunum stjórnenda fyrir haustið 2021 (sjá sýnishorn) bendir til þess að launakostnaður vegna hólfunar verði talsvert minni en á síðasta skólaári. Skv. áætlunum stjórnenda fyrir haustið eru stöðugildi v. hólfunar í u.þ.b 120 alls sem jafngildir u.þ.b. 450mkr. Þörfin er töluvert mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað og á sumum starfsstöðum er enginn aukakostnaður. Auk launakostnaðar þá hafa margir starfsstaðir þurft að stofna til útgjalda í búnað tengd þessum hólfunaraðgerðum (sjá dæmi hér að framan)

Kostnaður vegna smitvarna er enn til staðar en gert er ráð fyrir að kostnaður vegna aukaprifa lækki nokkuð.

ÁSTÆÐUR FRÁVIKA Í REKSTRI SFS:

Neðangreind tafla dregur saman helstu ástæður fráviks í rekstri SFS. Hér að framan hefur verið tæpt á nokkrum ástæðum en auk þeirra má nefna. Útlagðan kostnað vegna Covid 19 s.s. aukin þrif bæði hjá starfsmönnum og eins aðkeypt þrif; kostnaður v. smitvarna. Kostnaður vegna myglu er umtalsverður auk umframkostnaðar v. afleysinga vegna veikinda og sértæks stuðnings.

Útgjöld sem valda halla	Fjárhæð, m.kr.	Helstu forsendur
Útlagður kostnaður við smitvarnir í tengslum við Covid-19 vegna aukinna þrifa	173	Bókfærður kostnaður með verkefnaþerkingu COVID19
Aukinn launakostnað hjá þeim starfsstöðvum sem ekki eru með aðkeypt þrif	105	Miðað er við að kostnaður sé um 15 m.kr. á mánuði í 6 mánuði og 5mkr á mán júl-sept
Gjaldfærður kostnaður vegna myglu í skólum	59	Bókfærður kostnaður með verkefnaþerkingu M9000, auk aksturs starfsmanna í Fossvogsskóla vegna flutninga í Korpusskóla
Afleysing vegna langtímaforfalla	266	Bókfærð útgjöld umfram áætlun
Sértækur stuðningur	268	Bókfærð útgjöld umfram áætlun
Kostnaður vegna Covid19 aðgerða í tenglum við hólfun í leikskólum	500	Ígildi 120 stöðugilda fyrri hluta árs - en 80 á seinni hluta árs
Kostnaður vegna Covid19 aðgerða í tenglum við hólfun í grunnskólum	450	Ígildi 80 stöðugilda fyrri hluta árs - en 40 á seinni hluta árs.
Samtals	1.821	
Útgjöld þar sem viðbótarfjárhæð er ókomin (röng lotun)		
Innri leiga húsnæðis	170	Mismunur á gjaldfærðri innri leigu sem tekur mið af gildandi vísitölum og áætlun um innri leigu sem tók mið af áætlaðri vísitölu. Bætur afkomu Eignasjóðs um sömu upphæð.
Einkareknir grunnskólar og leikskólar	258	Fjölgun nemenda frá upphaflegri áætlun og hækkun kostnaðar skv. útreikningum Hagstofu. m.a. vegna kjarasamnigna sem voru gerðir í lok árs 2020. Viðbótarfjárhæðir ókomnar.
Sumarátak námsmanna uppgjör	66	Uppgjör á endurgreiðslu ókomið
Fjárhæðir sem eru ókomnar en útgjöld hafa átt sér stað	494	
Útgjöld sem valda halla samtals	2.315	

Halli SFS á árinu 2021 er meiri en þekkst hefur frá stofnun sviðsins. Reynt hefur verið hér að framan að útskýra þær sérstöku aðstæður sem sviðið hefur glímt við. Við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2020 fyrir árið 2021 sl. haust var regluverki við úthlutun til faghluta breytt töluvert. SFS telur ástæðu til að rýna þessa breytingar og mun gera það í góðu samstarfi við fjármálasvið borgarinnar.

Eins og áður hefur komið fram vari jan-júni 2021 ríflega 2ma.kr. Halli jan-sept 2021 er 2,6ma.kr. Sterkar vísbendingar eru því um að verulega dragi úr halla á síðari hluta árs – borið saman við fyrri hluta ársins.

Reykjavík 23.11.2021

Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri SFS